

8. gr.

Félagsmálaráð gerir árlega áætlun um starfsemi heimilishjálpar í Siglufjarðarkaupstað, sem lögð verður fyrir bæjarráð og bæjarstjórn. Einnig gerir hún tillögu um úrskurð reikninga vegna heimilishjálparinnar. Þeir skulu endurskoðaðir árlega á sama hátt og reikningar Siglufjarðarkaupstaðar.

Reglugerð þessi, er bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum sbr. lög nr. 34 10. apríl 1974 um breytingar á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. október 1979.

F. h. r.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Jón Sigurpálsson.

1. október 1979.

Nr. 421.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Hríseyjar.

1. gr.

Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Hrísey.

2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunefndar.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf er vatnsveituna varðar, annast vatnsveitunefnd í samráði við hreppsnefnd. Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist önnur þau störf vatnsveitunnar, er henta þykir. Vatnsveitunefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna í samráði við hreppsnefnd, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum er vatnsveitunefnd setur þar um.

4. gr.

Hreppsnefnd hefur á hendi sér reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu gegn hæfilegu gjaldi. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

5. gr.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæðar úr aðalæð í hús sín, og annast viðhald þeirra á sinn kostnað.

Skylt er hverjum húseiganda að halda vatnsæðum sínum frá aðalæð vel við og láta tafarlaust gera við þær, er leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.

Enginn má setja aflvélar við vatnsveituna nema með leyfi vatnsveitunefndar eða umsjónarmanns.

6. gr.

Vatnsveitunefnd, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef þeim þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bæta úr því á kostnað eiganda.

7. gr.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á gjaldþaga.

Ágreiningi út af þessum atriðum má skjóta undir dóm hreppsnefndar. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

8. gr.

Húseigandi, sem biðst tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar skal leggja fram teikningar af vatnskerfi sínu, ef óskað er.

Húseigandi skal greiða tengigjald til vatnsveitunnar, áður en tenging fer fram og skal það miðað við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 40.00 á hvern rúmmetra húss allt að 2000 rúmmetra stærð, en kr. 25.00 á hvern rúmmetra, sem þar er umfram.

9. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar samkvæmt lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.15% af fasteignamati húss og lóðar, eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningastofn fasteignaskatts. Upphæð vatnsskatts skal þó aldrei vera lægri en kr. 15 000 fyrir hverja skattskylda fasteign. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging fer fram. Sé bygging eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessarar greinar. Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu sem vatn er veitt til eða vatnsæð er frá. Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts:

- a. Vatnsnotkun í steypu til iðnaðar kr. 15.00 fyrir hver 100 kg af sementsnotkun.
- b. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða aukagjald kr. 100.00 á hverja slátraða skepnu.
- c. Fyrir vatnsnotkun við fiskimjöls- og lýsisframleiðslu skal greiða kr. 100.00 á hvert innvegið tonn af hráefni.
- d. Vatnsnotkun við fiskverkun og fiskvinnslu skal greiða kr. 100.00 á hverja smálest af innvegnum fiski, þar sem ekki er vatnsmælir.
- e. Hríseyjarhöfn greiðir vatnsskatt eftir mati vatnsveitunnar.
- f. Gjöld fyrir ótalin vatnsnot skulu fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

10. gr.

Þar sem vatnsnotkun er mikil eða komi í ljós, að þau séu óeðlileg, er sveitarstjórn heimilt að krefjast aukavatnsskatts samkvæmt mæli eða eftir ákvæðum sveitarstjórnar.

Aukavatnsskattur skal vera kr. 25.00 á hvern rúmmetra vatns.

11. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli, greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins kr. 2 500 og ársleigu fyrir hvern mæli kr. 8 000. Vatnsveitan sér um eðlilegt viðhald mælisins, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta. Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytingar á vatnslögn hússins, er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað. Vatnsveitan sjálf ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust um bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða þeirra var.

12. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 1. júní ár hvert og ber að greiða skattinn á skrifstofu hreppsins. Aukavatnsskattur samkvæmt mæli greiðist í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt og önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki.

13. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari eru miðuð við fasteignamat 1979, og breytast í samræmi við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Sveitarstjórn getur hækkað og lækkað um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000 nema þyngri refsing liggir fyrir að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 250 31. desember 1965 fyrir Vatnsveitu Hriseyjar með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 1. október 1979.

F. h. r.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

1. gr.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum veitir tímabundna vinnuástoð við nauðsynleg bús- og heimilisstórf þegar veikindi slys eða önnur forföll ber að höndum þannig að þeir sem veita búi eða heimili forstöðu geta ekki sinnt sínum daglegu störfum.